

**HighScope hugvekjan:**  
**Viltu...? Eigum við...? Ætlar þú...? Ættum við...?**

*Hjónin Halldór og Þórunn liggja í mestu makindum í heita pottinum í Árbæjarlauginni. Klukkan er alveg að verða tíu og sundlaugin að loka. Sundlaugarvörðurinn kemur til þeirra og segir: „Jæja, viljið þið ekki koma upp úr?“ Halldór lítur á Þórunni og hún hristir höfuðið svo Halldór svarar: „Nei, við viljum bara alls ekki fara upp úr, það fer svo vel um okkur hér.“ Sundlaugarvörðurinn segir þá: „Jaaa, já en við erum að fara að loka.“ Þórunn lítur á sundlaugarvörðinn og segir: „Já, en mig langar ekki upp úr.“ Sundlaugarvörðurinn lítur vandræðalegur á hjónin og segir svo: „Jú, æi svona, á ekki að fara að skella sér upp úr pottinum?“ Nei!*

Svona samtöl fara oft fram á milli fullorðinna og barna. Fullorðnir byrja setningar sínar á „viltu“ og „eigum við að..“, „ætlar þú...“ og „ættum við...“ en eru samt EKKI að bjóða upp á raunverulegt val. Það er í raun bara eitt fyrirfram ákveðið svar en samt eru börnin spurð spurninga sem byrja svona. Þessi orð, *viltu, eigum við, ætlar þú, ættum við...* eru vandmeðfarin því þau þarf að nota á ákveðinn hátt eftir því hvaða valkostir eru í boði og hvort þeir eru raunverulegir annars geta þeir valdið ágreiningi sem auðvelt hefði verið að komast hjá með því að taka skýrt fram það sem ÞARF að gerast eða ER AÐ FARA að gerast. Fullorðnir nota þetta ómeðvitað og oft án þess að hugsa um hvað þeir eru að segja.

Dæmi um þetta er t.d. ef það er útivera næst á dagskipulaginu og allir eiga að fara út en kennarinn segir samt sem áður: „*jæja, eigum við ekki að koma út?*“ (sjá dæmi hér á eftir)

Eins t.d. í lok dags þegar leikskólinn er að loka og barn er sótt. Barnið **þarf** að fara úr leikskólanum, það getur augljóslega ekki verið lengur þar sem leikskólinn er að fara að loka og því ómögulegt að bjóða það sem valkost. Foreldrar eru komnir til að ná í barnið/börnin sín og þau **þurfa** að fara, en samt eru foreldrar (ómeðvitað) að bjóða upp á val með því að segja: „*jæja, eigum við að koma/ætlar þú að koma*“ vitandi að allir þurfa að fara! Það er verið að bjóða börnunum upp á möguleikann á að svara já eða nei þegar nei er samt í rauninni ekki valkostur. Þegar barnið svarar neitandi þá kemur stundum upp ágreiningur þar sem foreldrið segir að barnið verði að koma, leikskólinn sé að fara að loka, það geti ekki verið eitt eftir í leikskólanum og svo stundum gengur þetta það langt að foreldrar segjast ætla að fara og skilja barnið eftir eða spyrja það hreinlega hvort það vilji fara heim með leikskólakennaranum! Sem er augljóslega ekki raunverulegur valkostur. Fullorðnir láta svo oft sem vandinn sé barnsins en ekki þess fullorðna, sem er ósanngjarnt þar sem það var sá fullorðni sem bauð upp á óraunhæfan valkost í upphafi, gerir svo mál úr því og setur ábyrgðina á barnið.

Ung börn hafa oft sterkar skoðanir og vita gjarnan hvað þau vilja. Þau eru ákveðin, ekki frek, og við eigum að gleðjast yfir því að þau hafi skoðanir á hlutunum og hjálpa þeim að taka sjálfstæðar ákvarðanir. Það er því mikilvægt að segja börnum nákvæmlega hvað það er sem er að fara að gerast eða þarf að gerast, sérstaklega þegar börn hafa ekki val. Bleyjubarn hefur ekki val um hvort það vilji nýja bleyju en það getur haft val um það hvernig það fer á þann stað sem bleyjuskriptin fara fram. Það getur skriðið, gengið, leitt kennara/foreldri, eða komið með dótið sem það er með og vill ekki hætta að leika með. Það eru margir valmöguleikar og mikilvægt bjóða upp á þá þegar barnið þarf að gera eitthvað.

**HighScope hugvekjan:**  
**Viltu...? Eigum við...? Ætlar þú...? Ættum við...?**

**Dæmi:**

Það er útivera næst á dagskipulaginu og allir eiga að fara út.

Það er ekki val um að vera inni en samt spyr kennarinn eins og um þann valmöguleika sé að ræða. Hér hefði mátt komast hjá „tuði“ með því að taka skýrt fram að það væri útivera og allir væru að fara út.

**Kennarinn:** *Jæja, eigum við að koma út?*

**Barn:** *Nei, ég vil ekki fara út.*

**Kennarinn:** *jú, jú það eru allir að fara út, þú verður líka að fara út.*

**Barn:** *en ég vil ekki fara út*

**Kennarinn:** *en það er útivera núna, það eru allir að fara út og þú getur ekki verið ein(n) inni, það er ekki í boði að vera inni svo þú þarft að fara út eins og allir hinir...bla bla bla....og svo er farið með barnið í fataklefan saman hvað tautar og raular.*

**Sömu aðstæður, annað orðalag.**

Hér tekur kennarinn skýrt fram hvað er að fara að gerast, hann viðurkennir að hann heyri það sem barnið er að segja og styður það. Barnið þarf að fara út og kennarinn býður raunverulega valkosti (að barnið fari sjálf í fataklefan eða leiði kennarann) og kennarinn telur upp það sem er komið út til að barnið geti byrjað að hugsa um hvað það mögulega vilji gera í útiverunni.

**Kennarinn:** *Jæja, núna er útivera og við ætlum öll að fara í fataklefan og klæða okkur í og fara út að leika. (Hafa þarf í huga að það er búið að gefa viðvörun um að leikstundin sé að verða búin og næst sé útivera)*

**Barn:** *ég vil ekki fara út*

**Kennarinn:** *Þú ert mjög upptekinn í bílaleik og þig langar að vera lengur inni! Núna er komið að útiveru og þú mátt keyra bílinn í bílakassann og svo getur þú leikið aftur með hann seinna í dag, í leikstund.*

Ef barnið bregst ekki við eða neitar enn er hægt að bæta við einni eða fleirum af eftirfarandi setningum:

*Núna er útivera, ég sé að hjólin eru komin út, skóflur og fötur, boltar, gröfur og sápukúlur. Hvað langar þig að leika með?*

*Hvernig getum við farið fram í fataklefa?*

*Ætlar þú að fara sjálf(ur) í fataklefan eða viltu að ég leiði þig? (og þetta á ekki að vera hótun – heldur valmöguleiki)*

**Barn:** *Ég ætla að labba sjálf(ur) og ég ætla að leika mér með gröfurnar.*

Kennari og barn fara sátt(ari) í útiveruna, barnið hefur raunverulegan valkost og getur sjálft tekið ákvörðun. Kennarinn fylgist með barninu í útiverunni og styður það eftir þörfum.

**HighScope hugvekjan:  
Viltu...? Eigum við...? Ætlar þú...? Ættum við...?**

Þessa aðferð er hægt að yfirfæra á margar aðstæður, mikilvægast er að valkostirnir séu RAUNHÆFIR (að fara í úlpu eða peysu, húfu eða buff, skó eða stígvél – en ekki að koma heim eða vera eftir í leikskólanum/fara heim með leikskólakennaranum, leiða mömmu eða labba ein(n) heim osfrv...)

Það er mjög mikilvægt að vera meðvitaður um þau orð sem maður notar og hvað maður er í rauninni að bjóða sem val, því þannig getum við, fullorðna fólk, forðast óþarfa ágreining, tuð og almenn leiðindi og börnin læra að taka sjálfstæðar ákvarðanir sem skipta þau oft miklu máli en okkur minna máli.

Það er því mikilvægt að hugsa áður en maður talar og taka skýrt fram hvað þarf að gerast og bjóða bara upp á valkosti sem eru raunhæfir.

Það er oftast en ekki ómeðvitað að byrja setningar á „*viltu/eigum við/ættum við...*“ í stað þess að segja bara beint hvað er að gerast og hvað er að fara að gerast og það krefst hugarfarsbreytingar og æfingar að skipta yfir.